

Reglur varðandi þátttöku á þjóðarbás Íslandsstofu

1. Þjóðarbás

1.1 Hugtakið „þjóðarbás“ er skilgreint sýningarsvæði þar sem Íslandsstofa skipuleggur sameiginlega þátttöku fyrirtækja undir formerkjum Íslands.

2. Þátttaka

- 2.1 Hver þátttakandi skal skila inn skriflegri staðfestingu um þátttöku á sýningu í síðasta lagi þremur mánuðum áður en sýning á að fara fram.
- 2.2 Þátttaka á sýningu er heimil að fengnu samþykki Íslandsstofu og gegn greiðslu tilskilinna gjalda skv. reglum þessum.
- 2.3 Þátttakandi sem ekki hefur sótt um þátttöku til Íslandsstofu hefur ekki leyfi til þess að taka þátt undir formerkjum annars þátttakanda á sýningu nema með samþykki Íslandsstofu.
- 2.4 Íslandsstofa áskilur sér allan rétt til þess að raða þátttakendum niður á sýningarsvæði- og vinnustofusvæði.
- 2.5 Íslandsstofa áskilur sér allan rétt til þess að skilgreina lágmarks- og hámarksfjölda þátttakenda á viðburði.
- 2.6 Íslandsstofa áskilur sér allan rétt til þess að falla frá þátttöku á sýningum sé lágmarksfjölda þátttakenda ekki náð.
- 2.7 Við niðurröðun á sýningarsvæði mun Íslandsstofa almennt taka tillit til fyrri þátttöku þátttakanda svo og stærð einstakra sýningarbása.
- 2.8 Íslandsstofa ber enga ábyrgð á eignum þátttakenda sem eru notaðar við eða í kringum sýningar.
- 2.9 Hætti þátttakandi á einhverju stigi við þátttöku á sýningu skal Íslandsstofu tilkynnt um það án tafar. Tilkynningin skal gerð með sannanlegum hætti.

3. Kostnaður / Greiðslur

- 3.1 Íslandsstofa áskilur sér rétt til að krefja þátttakendur um greiðslu alls kostnaðar hvers og eins þátttakanda fyrir sýningu. Útgefnir reikningar vegna þátttöku skulu vera greiddir að fullu fyrir sýningu/viðburð. Nánar er kveðið á um greiðsludagsetningar í reikningum sem berast sýnendum fyrir sýningu.
- 3.2 Hafi full greiðsla ekki borist innan tilskilins tíma skv. reikningi eða samkomulagi við Íslandsstofu, áskilur Íslandsstofa sér allan rétt, án fyrirvara, til að annað hvort rifta samkomulagi um þátttöku á sýningu, eða til að krefja þátttakanda beint um fullar efndir (in natura) auk hæstu lögleyfðu dráttarvaxta fyrir þann tíma sem greiðsla dregst.
- 3.3 Hætti þátttakandi við þátttöku á sýningu eftir að hafa skilað inn skriflegri staðfestingu skv. gr. 2.1 skal hann greiða áfallinn kostnað og afleitt tjón samkvæmt reikningi.

4. Básinn

- 4.1 Íslandsstofa hefur umsjón með hönnun og smíði þjóðarbása.
- 4.2 Fyrirtækja- og félagamerkingar eru eingöngu leyfðar á afmörkuðu sýningarsvæði viðkomandi fyrirtækis.
- 4.3 Óheimilt er að dreifa bæklingum frá öðrum en þátttakendum nema með vitund og samþykki Íslandsstofu.

5. Starfsfólk á bás

- 5.1 Starfsfólk á básum skal vera mætt á sýningarsvæði til þess að koma upp kynningarefni og vörum þátttakanda tímanlega fyrir opnun sýningar nema um annað hafi verið samið við Íslandsstofu.
- 5.2 Hver bás skal vera mannaður allan þann tíma sem sýning stendur yfir, nema um annað hafi verið samið við Íslandsstofu.
- 5.3 Einungis skráðir starfsmenn hafa leyfi til að starfa á básum.
- 5.4 Þátttakendur á þjóðarbás Íslandsstofu skulu ávallt vera til sóma.
- 5.5 Gerð er krafa um að starfsmenn þátttakenda séu snyrtilegir til fara á þjóðarbás.
- 5.6 Neysla matar er ekki heimil á sýningarbásum.
- 5.7 Ávallt skal halda básum hreinum og snyrtilegum.
- 5.8 Ekki er leyfilegt að taka niður sýningarbása fyrr en að sýningu lokinni.

6. Gildistaka

- 6.1 Reglur þessar öðlast gildi að fenginni undirritun stjórnar. Breytingar á reglum þessum skulu gerðar með samþykki einfalds meirihluta stjórnar.
- 6.2 Reglur þessar voru samþykktar á fundi stjórnar Íslandsstofu 08.06.2015